



Faghópur II

Fundargerð 2. fundar

Iðnaðarráðuneytinu 29. jan. 2009, kl. 8:30

Mætt: Anna G. Sverrisdóttir, Anna Dóra Sæþórsdóttir, Jóhannes Sveinbjörnsson, Ólafur Örn Haraldsson, Sveinn Runólfsson og Tómas Þór Tómassonsem skrifaði fundargerð.

Forföll: Brynhildur Davíðsdóttir.

Fundarfrásögn:

1. Fundargerð frá fundi 8. jan. var samþykkt með þeirri breytingu að fundur þann 12. feb. færist fram til 11. feb. kl. 11:45-13:15.
2. Aðalfundarefni var kynning Þóru Ellenar Þórhallsdóttur, formanns faghóps I (náttúra og menningarminjar) á aðferðafræði. Í 1. áfanga rammaáætlunar höfðu faghópar I og II notað svipaða aðferðafræði nema hvað vinna faghóps II náði skemur en faghóps I. Í 1. áfanga leit faghópur II aðeins til mats á áhrifum en ekki til mats á verðmætum. Þessu þarf að breyta í mati hópsins í 2. áfanga. Um kynningu Þóru vísast til skjámynda-sýningar hennar sem fundarmenn fengu í hendur.
3. Í umræðum um notkun aðferðafræðinnar var m.a. rætt um mismunandi umfjöllunarefni faghópanna tveggja sem óneitanlega kallaði á mismunandi nálgun. Meðal þess sem faghópur II þarf að hafa í huga:
 - a. Talið rétt að verðmæti verði metin á héraðsvísu en ekki eingöngu á lands- og heimsvísu. Á t.d. við um útvist og ferðaþjónustu.
 - b. Vísindaleg gögn eru mun fábrotnari gagnvart faghópi II en faghópi I.
 - c. Nokkuð var rætt um nálgun Norðmanna á mati á hagsmunum útvistar.
 - d. Mörg viðföng faghópa I og II falla saman; eru þau sömu eða keimlík. Hins vegar veða sömu þættir mis mikið með ólíkum vogtölum.
 - e. Þóra tók fram að við nánari skoðun á hlut vogtala í niðurstöðum faghóps I í 1. áfanga hafi komið í ljós að vogtölur höfðu lítið sem ekkert að segja um endanlegar niðurstöðu. Megin skýring var sú að á minna vægi menningarminja náði í engu að veða upp á móti náttúrufarsþáttunum sem voru ráðandi í mati hópsins og á milli þeirra þátta var jákvæð fylgni. .
4. Hópurinn var einhuga um að stefnta að vettvangsferðum, líklegast í samstarfi við a.m.k. faghóp II; á Reykjanes í vetur og aðra staði í vor eða sumar.
5. Fundi slitið kl. 10:15. Næsti fundur verður haldinn 11. feb. kl. 11:45.